

Mánudaginn 14. september 1998.

Nr. 380/1998.

Nína Björg Sæmundsdóttir

(Sigurður Eiríksson hdl.)

gegn

Trésmíðaverkstæði Sveins Heiðars ehf.

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Kærumál. Útburður. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. ágúst 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 9. september sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 7. ágúst 1998, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um, að honum yrði heimilað að fá sóknaraðila borna út úr húsi að Huldugili 11 á Akureyri með beinni aðfarargerð. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að hafnað verði kröfu varnaraðila um aðför, svo og, að honum verði gert að greiða málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur. Í báðum tilvikum krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Samkvæmt endurriti úr gerðabók sýslumannsins á Akureyri, sem varnaraðili hefur lagt fyrir Hæstarétt, var tekin fyrir 3. september sl. krafa hans um útburðargerð í samræmi við niðurstöðu hins kærða úrskurðar. Við þetta tækifæri lýsti sóknaraðili yfir, að hún yrði tilbúin til að skila varnaraðila húsnaðinu að Huldugili 11 eftir um tvær klukkustundir. Veitti þá fulltrúi sýslumanns varnaraðila umráð húsnaðisins og fól lögmanni sóknaraðila að afhenda varnaraðila lykla að því, þegar lokið væri að tæma það og þrifa. Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa afhent lykla að húsnaðinu samkvæmt samkomulagi um þetta efni.

Af þeim ástæðum, sem að framan greinir, hefur sóknaraðili ekki lengur réttarhagsmuni af því, að hinn kærði úrskurður komi til endurskoðunar fyrir Hæstarétti, sbr. meðal annars dóm réttarins í

dómasafni 1994, bls. 1581. Verður málinu því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Sóknaraðili verður dæmd til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Nína Björg Sæmundsdóttir, greiði varnaraðila, Trésmíðaverkstæði Sveins Heiðars ehf., 40.000 krónur í kærumálskostnað.
